



Alþingi/Umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P. 141/632
kom Erindi nr. P. 141/632

Hornafirði, 14. febrúar 2013
nr. erindis 201302016 ÓIG

Málefni: Ósk um umsögn á tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 174. mál.

Við er til erindis Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, sbr. tölvubréf dags. 4. febrúar s.l., þar sem óskað er umsagnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar á tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 174. mál.

Erindið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Hornafjarðar 12. febrúar s.l. og var eftirfarandi bókað af því tilefni:

„Bæjarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu. Mikilvægt er að Hornafjörður verði millilandaflugvöllur vegna legu staðarins gagnvart ferjuflugi til og frá Evrópu sem og möguleikum til landingar smærri flugvéla frá útlöndum. Árni tekur undir efni tillögunnar en bendir á að mikilvægt sé að tryggja undirstöður innanlandsflugs á staðnum til framtíðar. Bæjarráð sammála um mikilvægi flugvallarins sem áfangastaðar í innanlandsflugi.“

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Ólafía I. Gísladóttir
ritari

